



# ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR OG EVRÓPUSAMBANDIÐ



## Meginrök Bændasamtakanna gegn aðild að ESB

Bændasamtök Íslands hafa um árabíl afdráttarlaust tekið afstöðu gegn aðild að ESB. Þessa eindregnu stefnu byggja samtökin á upplýsingum sem þau hafa aflað sér árum saman. Afstaðan hefur styrkst af viðræðum við bændur og skoðunum aðildarfélaga um allt land. Meginrök fyrir afstöðu BÍ eru þessi:

### Matvælaöryggi skerðist

Þjóðir eiga að framleiða eins mikið af matvælum til eigin nota og þær mögulega geta.

Það er óábyrgt að veikja íslenska matvælaframleiðslu með því að heimila óheftan innflutning á búvörum.

### Atvinna og byggðir í hættu

Fjöldi manns hefur atvinnu af innlendum landbúnaði og afleiddum störfum. Margir munu missa vinnuna víða um land vegna minnkandi umsvifa íslensks landbúnaðar.

Víða í dreifbýli eru samfélög sem treysta að stórum hluta á landbúnað sem lífsviðurværi sitt.

Fækkun framleiðanda veikir búsetu í sveitum.

### Íslenskur landbúnaður myndi veikjast við inngöngu í ESB

Landbúnaðarstefna ESB hentar ekki íslensku landbúnaði. Bændur telja farsælla að þjóðin sjálf móti sína landbúnaðarstefnu.

Innganga Íslands í ESB leiðir til samdráttar og tekjumissis í landbúnaði í samburði við núverandi stuðningskerfi.

Innganga í ESB myndi gerbreyta tekjusatningu íslensks landbúnaðar og veikja búrekstur.

Landbúnaðarstefna ESB tekur ekki tillit til þeirra sem vinna við stoðgreinar landbúnaðarins og úrvinnslu á búvörum.

### Gæðum og heilbrigði yrði fórn að

Þjóðinni er mikilvægt að standa vörð um þær gæðabúvörur sem framleiddar eru á Íslandi.

Íslenskir bændur vilja ekki fórna góðum framleiðsluvörum fyrir ótrygga innflutning.

Heilbrigði íslenskra búfjárstofna er dýrmætt og það ber að vernda.

### Tollvernd er nauðsyn

Tollvernd er forsenda þess að viðhalda framleiðslugetu og nýtingu lands til landbúnaðar.

Algjör niðurfelling tolla á landbúnaðarvörur myndi minnka til muna markaðshlutdeild íslenskra búvara á augabragði. Rekstrargrundvöllur búskapar og afurðastöðva brýsti.

Tollar hafa lækkað mikið á undanförunum árum. Lækkuð tollvernd hefur hert mjög að rekstri bænda.

### Neikvæð reynsla nágrannaþjóða

Upplýsingar um finnskan og sænskan landbúnað sýna að norrænar jaðarþjóðir í ESB njóta ekki ávinnings af sameiginlegri landbúnaðarstefnu sambandsins til jafns við þjóðir sunnar í Evrópu.

Aukin tækifæri til útflutnings hafa ekki komið í stað samdráttar á innanlandsmarkaði.

### Lítill samkeppni í smásöluverslun

Aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum mun aðeins að óverulegu leyti skila sér í lægra vöruverði fyrir neytendur.

## Landbúnaðarstefna ESB

Landbúnaðarstefna ESB (CAP) er sameiginleg fyrir aðildarlöndin 27. Hún er einn stærsti útgjaldaliður í fjárlögum sambandsins og yfirlýst markmið hennar er að tryggja bændum viðunandi afkomu og neytendum sanngjarnt vöruverð. Þrjú atriði liggja landbúnaðarstefnunni til grundvallar:

### 1 Sameiginlegur innri markaður

Búvörur flæða óhindrað á milli aðildarlöndanna á þess að bera tolla eða önnur gjöld.

### 2 Sameiginlegir ytri tollar

Notaðir til að vernda ESB-landbúnað fyrir samkeppni frá ytri mörkuðum.

### 3 Sameiginleg fjármögnun

CAP er fjármögnuð sameiginlega af öllum aðildarríkjunum óháð því hversu mikil framlög einstök ríki fá til baka sem styrki. Einstök ríki hafa heimildir til að styrkja landbúnað sinn að nokkru leyti af eigin fjárlögum.

### Örar breytingar

Landbúnaðarstefna ESB hefur breyst mikið í árána rás en róttækustu breytingar síðustu ára hafa miðað að því að draga úr stuðningi sem greiddur er til framleiðenda eftir magni og tegund framleiðsluafurða, m.ö.o. markaðstengdum stuðningi. Þess í stað hafa verið teknar upp „grænar greiðslur“. Þær byggja á sögulegri viðmiðun um greiðslur og greiðast út á ræktunarland og skilyrði er að því sé haldið í landbúnaðarhæfu ástandi og að meðferð lands og búfjár sé í samræmi við tiltekna kröfur. Einnig eru færðir fjármunir frá framleiðslutengdum stuðningi yfir í framlög til byggðapróunar og atvinnuuppbyggingar í dreifbýli.

### Tímabundnar undanþágur og aðlögun


Í aðildarsamningnum við ný lönd er meginregla að samið er um tímabundnar undanþágur eða aðlögun. Þegar ío ný lönd gengu í ESB 1. maí 2004 var samið um að styrkir til bænda í þessum löndum af sameiginlegu landbúnaðarstefnunni væru 25% af þeim styrkjum sem tíðkuðust til bænda í V-Evrópu. Styrkirnir ættu síðan að hækka í áföngum þar til jafnræði væri náð. Kýpur fékk hins vegar heimild til að styðja sinn landbúnað til ársins 2010 með eigin fjármunum umfram þetta, upp að því styrkjahlutfalli sem þar var árið 2001, þó ekki umfram það sem framleiðandi myndi njóta væri hann fullgildur aðili að ESB. Íslenskir bændur hafa bent á að þrátt fyrir að samið sé um aðlögun eða undanþágur þá sé það skammgóður vermir því að þegar öllu sé á botninn hvolft þurfi aðildarþjóðir ESB að lúta sameiginlegum reglum sem innan sambandsins gilda.

### Stuðningur við norðlægan landbúnað

Dæmi um varanleg ákvæði sem fela í sér breytingar á CAP er hins vegar stuðningur við harðbýl svæði sem kom til með aðild Bretlands og Írlands 1973 og stuðningur við norðlægan landbúnað við aðild Finna og Svía árið 1995. Stuðningur við harðbýl svæði er fjármagnaður sameiginlega af ESB og viðkomandi landi en stuðningur við norðlægan landbúnað greiðist alfarið af viðkomandi landi.

### Markaðurinn stýri hvar og hvaða afurðir eru framleiddar

Inntak landbúnaðarstefnu ESB er að markaðsöflin sjái um verðmyndun afurða og framleiðslan leiti því þangað sem hún er hagkvæmust en um leið að gæta sjónarmiða um meðferð jarðvegs, dýravelferð og umhverfismál. Framkvæmdin einkennist af beinum greiðslum til bænda sem byggjast á landi í ræktun á tilteknu tímabili án kröfu um framleiðslu. Ýmis önnur ráð eru notuð til að styðja við atvinnu og uppbyggingu í dreifbýli undir formerkjum byggðapróunar innan ESB og hafa víðari skilgreiningu en að ná eingöngu til bænda.



Myndin sýnir þróun landbúnaðarstefnu ESB frá 1980 til ársins 2007. Fram yfir 1990 eru framleiðslustyrkir (svartar súlur) og útflutningsbætur (hvítar) allsráðandi en árið 1991 koma beingreiðslur (steingráar) til sögunnar. Fimm árum síðar hefjast byggðastyrkir (rauðar) sem hafa vaxið hægt en örugglega síðan. Beingreiðslur voru ríkjandi fram til 2005 en þá koma svonefndar „aftengdar greiðslur“ (ljósgráar) til skjalanna. Þær eru stundum kallaðar „grænar greiðslur“ og hafa það séreinkenni að vera ekki tengdar framleiðslumagni heldur oftast nær landi. Eigendur þess verða að uppfylla ýmis skilyrði um gæðastýringu, umhverfismál og sjálfbærni til þess að fá stuðning. Súlnar sýna landbúnaðarstuðninginn í milljórdum evra (sjá vinstri ás) en rauða línan sýnir hlutfall hans af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna (hægri ás). Efst má sjá hvernig ríkjunum fjölga í árána rás úr 10 í 25 (nú 27).

## Aa Orðskýringar

**CAP** – Common Agricultural Policy. Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB.

**CAP, fyrri stoð** – Almenn landbúnaðarstefna, markaðsstjórnun, eingreiðslukerfið, aðrar greiðslur út á land og gripi sem ríki hafa valið að halda áfram.

**CAP, seinni stoð** – Byggðapróun. Hugmyndin að baki seinni stoðar CAP er sú að landbúnaður gegni fjölbættu

hlutverki og snúist um annað og meira en framleiðslu búvara.

**Cross Compliance** – Tenging skilyrða um búskaparhætti, meðferð og heilsu dýra og plantna við greiðslur til bænda.

**Decoupling** – Aftenging stuðnings við framleiðslu (grænn stuðningur).

**Environmental Support** – Umhverfisstuðningur. Greiðslur til bænda sem ganga lengra en krafist

er að lágmarki til að fá almennan stuðning (SPS). Greiðslurnar eiga að bæta tekjutap og kostnaðarauka vegna framleiðsluafurða sem gefa af sér aukin almagnagæði.

**LFA** – Less Favoured Areas. Svæði með náttúrulegum takmörkunum á búskaparskilyrðum, s.s. vatnsskortur, loftslag, vaxtartími, fólksfækkun og fjalllendi. Greiðslur fjármagnaðar af seinni stoð CAP.

**Nordic Aid** – Norðurslóðastuðningur. Sérákvæði um aukinn stuðning sem gilda um landbúnað norðan 62. breiddargráðu. Aðildarlönd ESB greiða sjálf allan hluta norðurslóðastuðnings.

**SPS** – Single Payment Scheme. Eingreiðsla út á land á grundvelli fyrri stuðnings. Stundum kallað SFP eða Single Farm Payment.

Nánari upplýsingar um hugtök og heiti í landbúnaðarmálum ESB má finna á þessari slóð:

[http://ec.europa.eu/agriculture/glossary/glossary\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/glossary/glossary_en.pdf)

# Núverandi landbúnaðarstefna Íslands

**Styrk stoð atvinnu- og matvælaöryggis**  
Núverandi landbúnaðarstefna á Íslandi kristallast í búvörulögum og þeim samningum sem bændur og ríkið gera sín á milli. Allir búvörusamningar sem gerðir hafa verið miða að því að hér séu framleiddar búvörur til innanlandsneyslu að því leyti sem fellur að íslenskum aðstæðum með innlendum aðföngum, þ.m.t. orku. Markmið samninganna eru að landbúnaðurinn sé styrk stoð atvinnu í dreifbýli, kjör bænda séu í samræmi við kjör annarra stétta og stuðli að aukinni hagkvæmni og framförum, neytendum og bændum til heilla. Forystumenn bænda og Bændasamtökin hafa alltaf tekið virkan þátt í að móta landbúnaðarstefnuna ásamt stjórnvöldum.

Stuðningur við íslenskan landbúnað byggir annars vegar á greiðslum úr ríkissjóði og hins vegar tollvernd.

Íslenskir bændur framleiða fjölbreyttar búvörur sem neytendur þekkja fyrir trygg gæði og ferskleika. Metnaður bænda stendur og til að sjá þjóðinni fyrir sem mestu af þeim matvælum sem hún þarfnast. Landbúnaður er samofinn atvinnulífi víðast á landsbyggðinni og bændur eru þátttakendur í nýsköpun í atvinnulífi, uppgræðslu lands, skógrækt og svo má áfram telja.

Með íslenskri landbúnaðarstefnu er tryggt að lagðar verða áherslur sem henta Íslendingum á hverjum tíma.

## Ísland og WTO

Búvörusamningar eru gerðir með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttargæmum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þegar og ef samningaviðræðum innan WTO lýkur verða samningar endurskoðaðir þannig að stuðningsfyrirkomulag ríkisins við íslenskan landbúnað rúmist hverju sinni innan þeirra heimilda sem skuldbindingar Íslands á vettvangi WTO kveða á um.

## Eru áhrif nýs WTO-samnings og innleiðingar matvælaöggjafar ESB önnur en ESB-aðildar?

ESB-aðild felur í sér afnám tolla á öllum vörum gagnvart öðrum ESB-löndum. Nú er heimilt að flytja inn til landsins frosið kjöt með tollum eða innan tollfrjálsra kvóta. Verði matvælaöggjaf ESB innleidd í því formi sem stjórnvöld hafa boðað með lagafrumvarpi verður heimilaður innflutningur á fersku og hráu kjöti frá löndum ESB á gildandi tollum. Fyrirliggjandi drög að samningi um viðskipti með búvörur innan WTO boða allt að 70% lækkan tollaheimilda. Heimilt verður að ganga skemur í tollalækkanum á allt að 109 vöruflokkum. Með þessu hefur Ísland áfram umtalsvert svigrúm til að stýra innflutningi á mikilvægustu landbúnaðarafurðunum.



## Samningar í gildi um íslenskan landbúnað

### Búnaðarlagasamningur

Gildistími 2006-2010.

Ríkissjóður veitir fé til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningastarfsemi. Bændasamtök Íslands annast ráðstöfun þessara fjármuna.

Einnig felast í búnaðarlagasamningi framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem veitir styrki til atvinnuuppbyggingar í sveitum og annarra verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði.

Heildarfjárhæð árið 2009: **589 milljónir króna**

### Mjólkursamningur

Gildistími 2005-2012.

Markmið:

Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.

Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluáðstöðu með eðlilegum hætti.

Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

Fjárlög 2009: **5.425 milljónir króna**

### Sauðfjársamningur

Gildistími 2008-2013.

Markmið:

Að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjərbænda.

Að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjərbænda og styrkja búsetu í dreifbýli.

Að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra landnýtingu.

Að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar.

Að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt.

Fjárlög 2009: **4.021 milljónir króna**

### Garðyrkjusamningur

Gildistími 2002-2011.

Markmið:

Að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garðyrkjuafurðum.


Að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendirar grænmetisframleiðslu.

Að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda.

Að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendirar framleiðslu, þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

Heildarfjárhæð árið 2009: **413 milljónir króna**

## Verðmæti landbúnaðarframleiðslu



## Skipting verðmæta búvöruframleiðslunnar 2006, beingreiðslur meðtaldar

|       |                               |
|-------|-------------------------------|
| 46,9% | Mjólk og nautakjöt            |
| 22,1% | Kindakjöt og ull              |
| 3,2%  | Hross og hrossakjöt           |
| 5,9%  | Svinakjöt                     |
| 4,2%  | Alifuglakjöt                  |
| 2,8%  | Egg                           |
| 2,9%  | Kartöflur og gulrófur         |
| 8,2%  | Annað grænmeti og blóm        |
| 2,1%  | Grávára (þ.m.t. sala lífdýra) |
| 1,6%  | Aðrar afurðir                 |

## 24 milljarðar

**Heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar árið 2006 var 24 milljarðar króna að beingreiðslum til bænda meðtöldum sem nema 6,8 milljörðum króna.**

## Fjöldi lögbýla og bænda

### 4.300 lögbýli


Um 4.300 lögbýli eru í ábúð á Íslandi. Búfjárrækt í einhverjum mæli er stunduð á um það bil 2.700 lögbýlum. Til viðbótar eru býli þar sem engin búfjárrækt er stunduð en þar getur verið ferðaþjónusta, skógrækt, hlunnindanýting eða heimilisfólk vinnur utan bús.

### 6.000 manns

Árið 2006 voru 6.000 manns starfandi í landbúnaði á landinu, samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknun Hagstofu Íslands, sem er 3,4% fólks á vinnumarkaði.

Alls störfuðu 2.430 manns á árinu 2005 við úrvinnslu og sérhæfða þjónustu við landbúnað, þar af 1.590 í kjötiðnaði. Þá voru 1.570 eða um 65% af þessum störfum utan höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja.

## Skípting kjötmarkaðarinnar 2008



# Áhrif ESB-aðildar á kjöt- og mjólkuriðnað

Rekstrarumhverfi mjólkurstöðva, kjötvinnslu og sláturhúsa mun taka miklum breytingum ef Ísland gengur í ESB. Stærsta breytingin fyrir matvælaíðnaðinn lýtur að breyttu tollaumhverfi sem þýðir að Ísland yrði hluti af sameiginlegum innri markaði ESB þar sem viðskiptahömlur í formi tolla myndu falla niður. Við aukinn innflutning erlendra búvara minnkar þörfin fyrir innlenda vinnslu og störfum og starfsstöðvum fækkar.

Markvisst hefur verið unnið að hagræðingu við úrvinnslu kjötvára síðustu ár sem hefur skilað árangri. Hætt er við að sú hagræðing fari út í veður og vind ef tollar verða felldir niður við inngöngu í ESB. Mikill tollfrjáls innflutningur á kjöti, t.d. svína-, nauta- og kjúklingakjöti, myndi hafa veruleg áhrif á kjötmarkaðinn.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði telja að mjólkurframleiðsla muni dragast verulega saman með tilheyrandi fækkun mjólkurframleiðenda. Þá muni afurðastöðvum fækka, rekstrarforsendur mjólkuriðnaðar þyngjast verulega og rekstrarshilyrði afurðastöðva úti á landsbyggðinni verða fyrir mestum áhrifum.


Verðlag ferskvára með takmarkað geymsluþol sem framleiða þarf héraðs myndi hækka

umtalsvert að mati samtakanna. Ferskvörur með takmarkað geymsluþol, s.s. drykkjarmjólk og aðrar vörur sem að öllum líkindum þarf að framleiða héraðs, vigta um 50% í magni og veltu íslenska mjólkuriðnaðarinnar.

## Samkeppnisforsendur íslensks mjólkuriðnaðar

Að stærð og fjárhagslegum styrk er íslenskur mjólkuriðnaður örmár í samanburði við helstu mjólkurfyrirtæki í nágrennalöndum okkar. Ljóst er að samkeppnisstaða íslenskra afurðastöðva er ekki vænleg þegar stærð fyrirtækja í mjólkuriðnaði í Evrópu er borin saman. Íslenskur mjólkuriðnaður veltir undir 2% af veltu franska mjólkurvöruvyrirtækisins Danone og finnska fyrirtækið Valio er 11-12 sinnum stærra en íslenskur mjólkuriðnaður í heild sinni. Það er augljóst að án sérstakra aðgerða eða frávik frá almennri reglu mun íslenskur mjólkuriðnaður standa frammi fyrir ofjarli sínum að stærð og styrkleika í rekstri og efnahag gangi landið í ESB.

## Velta nokkurra mjólkuriðnaðarfyrirtækja í Evrópu (2005/2006)



HEIMILD: SAM

## Spurningar sem vakna



Hvað verður um kvótakerfi í mjólkurframleiðslu?

Hvernig mun landbúnaðarstefna ESB koma við einstaka búgreinar?

Hvaða aðlögun verður fyrir bændur ef gengið er í ESB?

Er norðurslóðastuðningur ESB varanlegur? Má treysta því?

Hver verður staða mjólkuriðnaðar og sláturleyfishafa ef gengið er inn í ESB?

Mun ESB hafa áhrif á framleiðslukostnað búvara, t.d. fjármagnskostnað og verð á aðföngum?

Hvað verða mörg störf í landbúnaði og skyldum greinum eftir 3-5 ár?

Hvernig landbúnað vilja Íslendingar sjá í framtíðinni á Íslandi?

# Svona er íslenskur landbúnaður

## Hvernig horfir ESB-aðild við búgreinum?

Íslenskur landbúnaður hefur þróast ört síðustu ár og tæknibreytingar gert það að verkum að þörf fyrir vinnuafli hefur minnkað í hefðbundnum greinum landbúnaðarins. Markvissar kynbætur í búfjárrækt hafa skilað miklum ávinningi til þess að bæta framleiðsluna og auka hagkvæmni hennar. Í gegnum tíðina hafa íslenskir bændur byggt upp mikla þekkingu og reynslu við það að framleiða gæðamatvörur fyrir þjóðina. Þeir telja blikur á lofti fyrir innlenda matvælaframleiðslu ef Ísland gengur í Evrópusambandið og undirgengst landbúnaðarstefnu þess.



### Nautgriparæktin

- Fjöldi framleiðenda er um 700.
- Meðalbúið framleiðir 170-180 þús. lítra.
- Meðalkúabúið hefur stækkað um helming á síðustu 10 árum.
- Verðlagsnefnd verðleggur mjólk til bænda.
- Greiðslumark er nú 119 milljón lítrar.
- Framlög ríkisins til nautgriparæktarinnar árið 2008 voru 5,5 milljarðar króna.
- 3.600 tonn af nautakjöti eru framleidd árlega.
- Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2006 eru leiddar að því líkur að yrðu allir tollar felldir niður á mjólkurvörum drægist neysla á íslenskum mjólkurvörum saman um nálægt 40% á öðrum vörum en nýmjólk og skyri. Afleiðingarnar yrðu þær að kúabændum fækkaði verulega og jafnvel svo að sumar byggðir færu í eyði.
- Að mati forvígismanna Landssambands kúabænda hyrftu allar núverandi grunnforsendur í rekstri kúabúa á Íslandi og nýjar forsendur tækju við ef Ísland gengi í ESB. Það sama á við um mjólkuriðnaðinn. LK telur að allar vísbendingar séu um að rekstrarforsendur sem sameiginleg landbúnaðarstefna ESB felur í sér yrðu miklu verri en þær sem íslenskir kúabændur búa við í dag.

### Svínarækt

- Svínakjötsframleiðsla á Íslandi er um 6.600 tonn á ári.
- Svínabúum hefur fækkað hratt, voru 86 árið 1995 en 22 árið 2009.
- Íslenskt svínakjöt er hreint og heilnæmt. Tíðni salmonella í sláturgrisum var aðeins 0,5% á Íslandi árið 2007. Í Danmörku var tíðnin 7,7%, 10,3% að meðaltali í ESB-ríkjunum og 29% á Spáni sama ár.
- Verð á svínakjöti til neytenda hefur lækkað á árunum 1993-2008 um 43% á föstu verðlagi.
- Vaxandi hluti fòðurs í svínarækt er innlent korn.
- Verð á svínakjöti ákvarðast á markaði en búgreinar njóta tollverndar.
- Í skýrslu sem utanríkisráðuneytið vann árið 2003 er talið að svínabændum myndi vegna illa og búskapurinn jafnvel leggjast af gangi Ísland í ESB.

### Garðyrkja

- Alls byggja tæplega 900 manns afkomu sína á vinnu við garðyrkju auk afleiddra starfa.
- Rúmlega 200 framleiðendur stunda garðyrkju (kartöflur og annað útigrænmeti) og ylrækt á Íslandi. Þar af eru um 80 bændur sem rækta kartöflur og áætlað er að um 200 manns hafi atvinnu af þeirri framleiðslu.
- Hérlendis eru framleidd um 13 þúsund tonn af kartöflum árlega, 860 tonn af rófum, rúm 1.600 tonn af tómötum og 1.340 tonn af agúrkum.
- Garðyrkjubændur hafa bent á að innganga í ESB hefði mismunandi áhrif á einstakar búgreinar í garðyrkjunni. Sumar búgreinar hafa eingöngu tollvernd, aðrar eingöngu beingreiðslur og enn aðrar enga vernd.
- Innganga í ESB mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á blómaraæktun, jafnvel svo neikvæð áhrif að henni verði hætt. Nú hafa blóm eingöngu tollvernd sem myndi falla niður við aðild.
- Garðplöntuframleiðsla naut tollverndar til ársins 2006 er tvíhliða viðskiptasamningur var gerður við ESB. Tollar féllu niður á trjám og runnum frá ESB-löndum. Áhrif af samningnum eru ekki komin í ljós að fullu. Ennþá eru tollar á sumarblómum að hluta sem skipta miklu máli fyrir garðplöntuframleiðendur. Innganga í ESB mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á hluta framleiðslu garðplöntustöðvanna, sérstaklega á sumarblómaframleiðslu.
- Útiræktað grænmeti og kartöflur njóta tollverndar þegar íslenska framleiðslan annar eftirspurn. Það þýðir að þegar íslenskar vörur eru ekki á markaði eru erlendu vörurnar fluttar inn til landsins án tolla. Áhrif á þessar tegundir ef Ísland gengi í ESB ráðast mjög af því hvort og hversu mikinn stuðning framleiðandinn fær.
- Grænmetisækt í gróðurhúsum: Bændur sem rækta tómata, gúrkur og paprikur fá beingreiðslur en engir tollar eru í þessum greinum. Árið 2007 nam sú upphæð 219 milljónum króna. Áhrif af inngöngu í ESB á þessar greinar grænmetisæktar yrði ekki eins merkjanleg og ádra framleiðslu garðyrkjubænda. Rafmagnsverð mun spila stórt hlutverk í samkeppnishæfni ræktunar í gróðurhúsum í framtíðinni.

### Sauðfjárrækt

- Lögbýli með virkt greiðslumark í sauðfé voru um 1.450 árið 2008. Auk þess eru rösklega 300 bú sem framleiða kindakjöt án greiðslumarks.
- Sauðfjábændur framleiddu 8.900 tonn af kindakjöti árið 2008.
- Um 400 bændur framleiða 50% af öllu kindakjöti.
- Frjáls framleiðsla og frjáls verðlagning.
- Framlög ríkisins til sauðfjárræktarinnar árið 2009 samkvæmt fjárlögum eru um 4 milljarðar króna.
- Forsvarsmenn sauðfjábænda hafa talið líklegt að styrkjaumhverfi búgreinarinnar gæti haldist svipað innan ESB. Bein samkeppni frá innfluttu kindakjöti yrði e.t.v. ekki mikil en mun þyngra vegur brottfall allrar tollverndar af öðrum kjötvörum frá ESB. Verði mikill innflutningur frá ESB á svína-, nauta- og kjúklingakjöti myndi hann hafa veruleg áhrif á kjötmarkaðinn í heild og þar með talið markað fyrir kindakjöt hérlendis.
- Rekstrargrundvöllur margra afurðastöðva brestur ef mikil samdráttur verður í sölu á innlendu kjöti. Störfum í greininni og tengdum greinum mun því fækka. Mörg samfélög sem byggja á sauðfjárrækt hérlendis þola það ekki.

### Ferðaþjónusta

- Alls starfa um 140 ferðaþjónustubær innan Ferðaþjónustu bænda og heildarfjöldi gistirýma er um 4.000.
- Vöxtur í fjölda gistinátta hefur einkennt ferðaþjónustu á Íslandi síðustu ár en á árunum 2006-2007 fjölgaði gistinóttum hjá ferðaþjónustubændum um 8,2%.
- Hlutdeild bænda í seldum gistinóttum á landsbyggðinni er 26%. Bændur selja 30% af gistinóttum útlendinga á landsbyggðinni en erlendir ferðamenn eru 77% viðskiptavina.
- Ferðaþjónustubændur hafa ekki myndað sér formlega afstöðu gagnvart hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið en hafa bent á að rekstraráhætta vegna gengismála sé mikil innan ferðaþjónustunnar og því sé nauðsyn að hafa stöðugan gjaldmiðil.

### Kornrækt

- Tæplega 500 bændur stunda byggækt en markvissar kynbætur á korni og aukin þekking meðal bænda hafa styrkt hana í sessi hér á landi.
- Kornrækt er vaxandi í íslenskum landbúnaði og gegnir mikilvægu hlutverki við öflun fòðurs fyrir nautgripi, sauðfé og svín. Árið 2007 var kornuppskeran rúmlega 11 þúsund tonn.
- Hlýnandi veðurfar og aukin vinnsla korns á neytendamarkað vekur vonir um fleiri sóknarfæri kornræktar á Íslandi.

### Loðdýrarækt

- Árið 2008 var 21 minkabú og eitt starfandi refabú á Íslandi.
- Góður árangur hefur náðst í að auka hagkvæmni í framleiðslu loðdýrafòðurs. Fóðurstöðvar losa sláturhús við lífrænan úrgang og breyta honum í loðdýrafòður.
- Meðalverð á minkaskinnnum hefur sveiflast frá 1.500 kr. upp í tæplega 4.000 kr. á skinn. Meðalverð síðustu fimm ára er 2.908 kr.
- Heildarútlutningsverðmæti minka- og refaskinna árið 2007 nam um 400 milljónum króna og 600 milljónum árið 2008. Bæði árin var fjöldi seldra skinna um 160.000.
- Einn grundvöllur loðdýraræktar á Íslandi er að hafa aðgang að hráefni úr matvælavinnslu sem ekki er nýtanlegt til manneldis. Færri afurðastöðvar og minni matvælavinnsla í landinu kemur því illa við loðdýraræktendur.

### Hrossarækt

- Um 75 þúsund hross eru á Íslandi.
- Árið 2007 voru flutt út 1.497 hross, að verðmæti 483 millj. kr.
- Fjöldi manns hefur atvinnu af ýmissi þjónustu við hrossaræktendur, bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- Hrossarækt hefur verulegan hluta tekna sinna af útlutningi á afurðum og þjónustu en enginn innflutningur er hins vegar á sambærilegum afurðum. Staða búgreinarinnar er því önnur en matvælagreinanna.
- Hrossarækt er ekki hluti af sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB (CAP).


### Alifuglarækt og eggjaframleiðsla

- Fuglakjötsframleiðsla er um 7.400 tonn á ári.
- Eggjaframleiðsla er um 2.800 tonn á ári.
- Í skýrslu sem utanríkisráðuneytið vann árið 2003 er talið að eggja- og kjúklingabændum myndi vegna illa og búskapurinn jafnvel leggjast af gangi Ísland í ESB.
- Eggjabændur hafa bent á að rekstarkilyrði þeirra séu svo viðkvæm að opnast landið fyrir óheftum innflutningi muni grundvöllur framleiðslunnar bresta.
- Íslenskir alifuglabændur eru í fremstu röð meðal þjóða heims hvað varðar öryggi í kjúklingaframleiðslu. Markvissar barátta við salmonellu- og kamfýlóbakttersmit hefur skilað frábærum árangri.

### Skógrækt

- Skógarbændur, sem eru samningsbundnir við landshlutabundnu skógræktarverkefni, eru ábúendur á um 700 lögbýlum á öllu landinu og gróðursetja 70-80% af allri nýplöntun á hverju ári.
- Skógræktarfélagin gróðursetja um 15%, Skógrækt ríkisins 2,5% og Landgræðsla ríkisins um 1%. Einkaaðilar gróðursetja 6-7%.

## Ríkisútgjöld til landbúnaðar 1990 - 2005



Ríkisútgjöld til landbúnaðar eru samsett úr beingreiðslum til bænda, framlögum til landgræðslu, skógræktar, landbúnaðarháskólanna, Matvælastofnunar, ráðgjafar- og kynbótastarfs, landbúnaðarráðuneytis o.fl.

# Áhrif ESB-aðildar á smásöllumarkað og matvælavæð

**Ein vinsælasta fullyrðing talsmanna ESB-aðildar er að matvælavæð á Íslandi muni lækka um tugi prósentu þegar Íslendingar ganga í Evrópusambandið. Stundum er líkast því að gleymst hafi að virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður úr 14% í 7% fyrir tveimur árum. Skyldi það ekki skipta máli?**


Innflutt matvæli eru í dag að langmestu leyti án tolla. Þetta á við ávexti, margar grænmetistegundir, kornvörur, s.s. hveiti, kex, pasta, morgunkorn og fleira. Vörur úr þessum flokkum eru einnig oft hráefni í innlendum matvælaíðnaði, s.s. brauði, kexi, niðursöðnu grænmeti, ávaxtasöfum o.s.frv. Samt er verðlag á þessum vörum mun hærra en í flestum öðrum Evrópulöndum þegar lítið er á samanburð á hlutfallslegu verðlagi milli Evrópulanda. Kaffi er dæmi um vöru sem er tollalaus hér og í Danmörku en var u.þ.b. 30% dýrari hér á landi á árinu 2007.

Hlutur innfluttra mat- og drykkjarvara og innlendra, annarra en kjöts, mjólkur og grænmetis, í útgjöldum samkvæmt vísitölu neysluverðs er 7,5%. Er raunhæft að gera ráð fyrir að þessar vörur lækki við ESB-aðild?

Kjöt, mjólk og grænmeti vegur 5,8% af útgjöldum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Er raunhæft að spá því að verðlag á þessum vörum geti t.d. orðið lægra en í Danmörku?

Hver yrðu t.d. áhrifin af því á verð drykkjarmjólkur að dreifa mun minna magni mjólkurvara út um land? Gæti drykkjarmjólk hækkað í verði við það? Svarið er já.

Ísland er örmarkaður í evrópsku samhengi. Vissir þú að framleiðsla á afskornum blómum er horfin í Danmörku og hollenskir blómabændur hafa lagt þann markað undir sig? Fjársterkir markaðsaðilar, innlendir sem erlendir, geta á skömmum tíma rutt innlendum framleiðendum af markaði.




## Finnskum bændum fækkaði verulega eftir inngöngu í ESB

Árið 2003 var unnin umfangsmikil skýrsla um íslenskan landbúnað í alþjóðlegu umhverfi þar sem áhrif ESB-aðildar á finnskan landbúnað voru grannt skoðuð. Aðlögun Finna að sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP) leiddi til 40-50% lækkunar á afurðaverði til bændu strax árið 1995, en lækkunir á verði aðfanga komu einungis að mjög litlu leyti á móti. Verð á korni féll um 50-60% árið 1995 og hefur lækkað enn meira síðan. Lækkunir voru jafnframt verulegar á afurðum dýra, frá 28% lækkun á mjólkurverði til 65% lækkunar á verði eggja. Tekjur landbúnaðarins að kostnaði fráregnum lækkuðu á fyrsta ári aðildar um 12,4% frá árinu 1994 og 12,7% árið 1996. Þetta gerðist þrátt fyrir að sérstakir samningar næðust um stuðning við landbúnað í norðurhluta landsins og til viðbótar aðlögunarstuðning fyrir Suður-Finland, sem hvort tveggja var alfarið greitt af finnska ríkinu.

### Mikil fækkun og stækkun búa



Finnskur landbúnaður hefur tekið hröðum breytingum á undanföllum árum. Fyrir inngönguna í Evrópusambandið voru meira en 100.000 bú í Finnlandi. Árið 2005 voru 69.000 eftir. Fækkun búa hefur numið 3% á ári. Fækkunin hefur orðið meiri í sumum búgreinum en öðrum. Sem dæmi hefur kúabúum fækkað um nærri 7% á ári, sem samsvarar helmingsfækkun á tímabilinu, frá um 30.000 í um 15.000. Samhliða þessu hafa búin stækkað. Meðalkúabúin hefur t.d. stækkað úr 12 kúm í 20. Fækkunin hefur verið hröðust í austurhluta landsins en verið hægari í norðurhæðum.

Heildarframleiðsla hefur lítið breyst en í sumum búgreinum hafa orðið breytingar. Nautakjötsframleiðsla dróst saman um 18,7% frá 1994 – 2007, eggjaframleiðsla um 23,6% og mjólkurframleiðsla um 3,9%. Hins vegar hefur svína- og alifuglakjötsframleiðsla aukist og sama gildir um kornframleiðslu. Umtalsverður hluti svínakjötsframleiðslunnar er fluttur út.



### Áhrif á verð til neytenda og skipting þess

Sú mikla lækkun sem varð á verði til framleiðenda í Finnlandi skilaði sér að einhverju leyti í lægra vöruverði til neytenda. Meðalverð matvæla féll um 11% eftir inngönguna árið 1995. Á tíu ára tímabili frá 1995 til 2005 hækkaði verð matvæla um 11% meðan almennt verðlag hækkaði um 13%. Þannig hefur matvælavæð á föstu verðlagi haldið áfram að falla síðastliðin tíu ár. Ástæður lækkunar vöruverðs má rekja til lægra verðs til framleiðenda en ekki aukinnar samkeppni í smásölu enda hefur hlutur verslunar í verðmyndun matvara í Finnlandi aukist verulega á undanföllum árum. Því má segja að samkeppni finnskrar framleiðslu við innflutta bitni fyrst og fremst á bændum.



## Framtíðarsýn íslenskra bændu

### Við þróum atvinnuveg fyrir framtíðina

Við stuðlum að fjölbreytni og nýsköpun í íslensku atvinnulífi á grunnu auðlinda landsins.

Við leitumst við að framleiða gæðavörur á hagkvæman hátt og þróa nýjar afurðir.

Við viljum auka tengsl neytenda og bændu, t.d. með sölu beint frá býli og nýtingu upplýsingatækni.

Við nýtum náttúru og auðlindir landsins með sjálfbærni að leiðarljósi.

Þekking, reynsla, sérhæfing og fagmennska er búmannsháttur 21. aldar.

Við stöndum vörð um matvælaöryggi, heilbrigð búfjárfyrir og heilnæma landbúnaðarframleiðslu.

### Við gerum máltíðina að góðri og fjölbreyttri upplifun

Við bjóðum upp á örugga og góða íslenska búvöru sem sjálfsagðan hluta af fæðu okkar.

Íslenskur gæðamatur er í boði allt árið um kring. Neytendur verja lægra hlutfalli af ráðstöfunartekjum sínum til matvælaakaupa en langflestir aðrir Evrópubúar.

Vaxtarsproti ferðaþjónustu er upplifun tengd mat sem hefur íslenska matarmenningu í heiðri.



### Landbúnaðurinn er hornsteinn byggðanna

Blómlegt mannlíf, næg atvinna og góð þjónusta og samgöngur í sveitum er forsenda þess að eftirsóknarvert sé að búa í dreifbýli.

Landbúnaðurinn hefur viðtæk margfeldisáhrif í atvinnusköpun um land allt. Fjöldi fólks treystir á hann.

Við leggjum áherslu á öflug og sterk afurðafyrirtæki, til hagsbóta fyrir bændur og neytendur og til styrktar atvinnulífi á landsbyggðinni.

Á okkar vegum eru bæði lítil býli og stórbýli, hlutastörf við búskap og mannfrekur atvinnurekstur, sem styður byggð í sveitum. Fjölskyldubúrekstur er hornsteinn íslensks landbúnaðar.

Bændur gegna mikilvægu hlutverki við landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd. Þeir eru vörslumenn lands og útverðir byggða.

Við varðveitum menningararfinn og höldum uppi íslenskum hefðum.

## Tollvernd og íslenskur landbúnaður

Ísland hefur um árabil lagt tolla á margar af þeim búvörum sem framleiddar eru hér á landi, einkum kjöt, mjólkurvörur og egg en í minna mæli á afurðir garða og gróðurhúsa. Árið 2002 voru tollar á tómata, gúrkur og paprikur lagðir niður en beingreiðslur teknar upp í staðinn. Landbúnaður hér á landi býr við náttúrulega óhagstæð skilyrði en er um leið ætlað margþætt hlutverk í nýtingu auðlinda, atvinnulífi í dreifbýli og matvælaöryggi. Tollvernd og annar stuðningur er því nauðsynlegur að einhverju marki. Verði starfsumhverfi landbúnaðarins mótað í miðri Evrópu er þessum tækjum til að hafa áhrif á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar varpað fyrir röða.

Evrópusambandið, Bandaríkin, Sviss og Noregur beita öll tollum til að hafa áhrif á viðskipti með búvörur og verð á innanlandsmarkaði. Í úttekki WTO á fjölda þeirra tollalína sem einstök lönd hafa heimildir til að leggja svokallaða magntolla á innflutning kemur athyglisverð niðurstaða í ljós. Ísland hefur slíka heimild fyrir 363 tollalínur af 1.606 eða 22,6%. Fyrir ESB er slíkar heimildir að finna fyrir 1.010 tollalínur, 45,8% af tollalínunum fyrir búvörur.

### Ýmsar vörutegundir verða dýrari hérlendis við inngöngu í ESB

Við aðild Íslands að ESB fer þjóðin inn fyrir tollmúra ESB. Dæmi um vörur sem tollur er lagður á af ESB en eru tollalausar hér allt árið eða hluta úr árinu eru:

#### Epli og perur

#### Kirsuber

#### Bláber

#### Pasta

#### Kúkus

#### Morgunverðarkorn

#### Blómkál

#### Gulrætur

#### Laukur

#### Salat

Gulrætur, salat, pasta og morgunverðarkorn eru dæmi um vörur sem verulegur hluti innflutnings er frá löndum utan ESB.



**Umsjón:** Tjörvi Bjarnason og Erna Bjarnadóttir

**Umbrot:** Hörður Kristbjörnsson

**Ljósmyndir:** Útgáfu- og kynningarsvið BÍ, Jón Eiríksson og Birna Sigurðardóttir.

**Útg.:** BÍ, janúar 2009.